

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið að Sunnubraut skuli vera lokuð fyrir allri umferð við gatnamót Sunnubrautar og Skagabrautar.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 1. nóvember 1982.

Björgvin Bjarnason.

AUGLÝSING**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Umferð um Súluveg skal víkja fyrir umferð um Þingvallastræti og umferð um Hlíðarfjallsveg skal víkja fyrir umferð um Hlíðarbraut (biðskylda).
2. Tvístefnuakstur verður á Oddagötu.
3. Tvístefnuakstur verður á Skólastíg frá Hrafnagilsstræti að tengingu nýja íþróttahússins við Skólastíg. Umferð um Skólastíg skal víkja fyrir umferð um Hrafnagilsstræti (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 5. nóvember 1982.

Elías I. Elíasson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.****1. gr.**

Aftan við 3. gr., 3. lið, komi eftirfarandi setning:

„Í sláturhúsum sem hlotið hafa viðurkenningu til útflutnings afurða er bannað að slátra sjúkum gripum eða gripum sem grunur leikur á að séu haldnir smitandi sjúkdómi.“

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30, 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1982.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.